

Reykjavík, 30. apríl 1996.

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frv. um fjármagnstekjuskatt og vaxtatekjuskatt

Við vísum til bréfs yðar frá 19. apríl 1996, þar sem farið er fram á að við sendum inn umsögn Sambands ísl. sparisjóða um eftirfarandi lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignaskatt, með síðari breytingum (421. mál) og fylgifrúmvarp þess um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (422. mál).
2. Þingmannafrumvarp um breytingu á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignaskatt, með síðari breytingum (428. mál) og fylgifrúmvarp þess um staðgreiðslu skatta af vaxtatekjum (429. mál).

Í fyrri frumvörpunum er lagt til að lagður verði 10% skattur á vaxtatekjur og að skattur á arð og söluhagnað og leigutekjur verði lækkaður í 10%. Þá er lagt til í frumvarpinu að fjármagnstekjur lífeyrissjóða verði undanþegnar skattinum.

Í síðari frumvörpunum tveimur er lagt til að vextir verði skattlagðir innan núverandi tekjuskattskerfis, þó þannig að leyft verði 40 þús.kr. frítekjumark fyrir hvern einstakling og að 60% af vaxtatekjum teljist til skattstofnsins. Þá er gert ráð fyrir að 25% af vaxtatekjum umfram frítekjumarkið verði innheimtur í staðgreiðslu af bönkum, sparisjóðum og öðrum fjármálafyrirtækjum og fjárvörsluaðilum.

Samband íslenskra sparisjóða leggst alfarið gegn þeim hugmyndum sem fram koma í frumvörpunum um samræmdan fjármagnstekjuskatt annars vegar og sérstakan vaxtaskatt hins vegar, og mæla eindregið með því að frumvörpin verði ekki afgreidd.

Samband íslenskra sparisjóða hefur haft aðstöðu til að kynnast umsögn Samtaka ísl. verðbréfafyrirtækja og haft fregnir af umsögn Sambands ísl. viðskiptabanka um þessi frumvörp. Samband íslenskra sparisjóða getur tekið undir þau sjónarmið sem koma fram í framangreindum umsögnum hvað varðar áhrif á sparnað, vexti, fjárflotta og skattlagningu raunvaxta og samspil tekjuskatts í almannatryggingakerfinu og skatts á vaxtatekjur.

Til viðbótar þessu vill Samband íslenskra sparisjóða taka eftirfarandi fram: Samkvæmt núgildandi lögum greiða fyrirtæki á Íslandi tekjuskatt af fjármagnstekjum eins og af öðrum rekstrartekjum. Fjármagnstekjuskattur á vaxtatekjur og verðbætur af innstæðum í sparisjóðum og bönkum munu því bitna eingöngu á einstaklingum. Það er því nauðsynlegt að menn átti sig á, hvaða einstaklingar það eru, sem fjármagnstekjuskattur mun bitna á. Að því er varðar sparisjóðina í landinu voru heildar innstæður einstaklinga á sparireikningum í sparisjóðunum samtals 18,2 milljarðar í lok 1995 og greinast eigendur þessa innlánsfjár þannig eftir aldri eigenda:

<i>12.400 sparireikningar eru í eigu einstaklinga eldri en 70 ára, sem eiga um 40% innlánsfjárins</i>						
11.400	-	-	60 - 69 ára,	-	19%	-
13.100	-	-	50 - 59 ára,	-	13%	-
17.600	-	-	40 - 49 ára,	-	14%	-
19.200	-	-	30 - 39 ára,	-	11%	-
17.200	-	-	20 - 29 ára,	-	8%	-
<u>25.300</u>	-	-	0 - 19 ára,	-	2%	-
116.200						

Væntanlega skiptast innstæður einstaklinga á sparireikningum niður með svipuðum hætti hjá viðskiptabönkunum og hjá sparisjóðunum. Skv. því má gera ráð fyrir að um 40% þessara innstæðna einstaklinga séu í eigu fólks sem komið er yfir 70 ára aldur og um 60% innstæðna séu þá í eigu fólks sem er 60 ára eða eldra. Næsta líklegt er því að um helmingur innstæðna einstaklinga á sparireikningum í bönkum og sparisjóðum séu eign eftirlaunaþega, þ.e. fólks 67 ára og eldri.


Þetta er fjármagn sem fólk hefur lagt til hliðar til elliáranna sem einkonar lífeyrissjóð, fé sem fólk hefur verið að spara saman og oftast með ærinni sjálfsafneitun. Að meðaltali eru innstæður fólks 70 ára og eldra í sparisjóðum u.þ.b. 585 þúsund kr. á hvern sparireikning. Sumir með meira og aðrir með minna.

Það skýtur því skökku við að skattleggja þetta fjármagn með fjármagnstekjuskatti, þar sem lífeyrissjóðir eru undanþegnir þessari skattlagningu. Þar á ofan má ætla að mikill meirihluti þess fólks sem á þessar innstæður njóti ekki nema takmarkaðra lífeyrisréttinda.

Það er og vert að benda á að allar líkur benda til að þeir einstaklingar sem eiga innlánsreikninga í bönkum og sparisjóðum og ekki eru eftirlaunaþegar séu launþegar eða námsmenn, sem ekki hafa úr of miklu ráðstöfunarfé að móða, þótt ekki sé meira sagt.

Við tökum því undir þau rök sem fram hafa komið gegn því að leggja umræddan fjármagnstekjuskatt á og mælum því eindregið með að framangreind frumvörp verði ekki afgreidd af Alþingi.

Virðingarfyllst,  
f.h. SAMBANDS ÍSLENSKRA SPARISJÓÐA



Baldvin Tryggvason  
- formaður -